

## Segjum satt: Auðmýkt er fyrsta skrefið

Það er rangt að halda því fram í aðdraganda kosninga að ekki eigi að skera niður útgjöld til heilbrigðismála. Það er rétt og heiðarlegt að segja kjósendum eins og er að allt bendi til þess að draga þurfi úr kostnaði heilbrigðisþjónustunnar. Hvers vegna?

Jú, hér á Íslandi hrundi fjármálakerfið í stærsta og dýrasta bankahruni síðari tíma. Það er efnahagskreppa á Íslandi og um allan heim. Hún er sú dýpsta síðan á fjórða áratug síðustu aldar. Ofan á skuldir sem nú hafa lagst á þjóðarþúið mun hagvöxtur dragast saman, atvinnuleysi aukast og skatttekjur ríkisins minnka. Heimskreppa mun líklega draga kreppuna hér á langinn. Minnkandi eftirspurn eftir áli og fiskafurðum gæti dregið úr útflutningstekjum. Ferðamannastraumur gæti dregist saman og þar með tekjur í þjóðarþúið.

Að halda því fram við þessar aðstæður að ekki verði skorið niður í heilbrigðisþjónustunni er blekking á borð við þá sem hér einkenndi aðdraganda bankahrunsins. Með því að segja í dag að ekki verði skorið niður í heilbrigðisþjónustu en bregða svo hnífnum á loft eftir kosningar er komið aftan að kjósendum. Við vitum vel að skuldug þjóð er ekki frjáls þjóð. Efnahagsmál landsins og þar með fjármál ríkisins eru í gjörgæslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna þess að efnahagslegar varnir landsins brugðust eftir 18 ára stjórn Sjálfstæðisflokksins. Nú þarf að treysta varnir íslenska heilbrigðiskerfisins. Látum því af afneitun og hefjumst handa. Þá mun betur fara en á horfist.

Auðmýkt er fyrsta skrefið til varnar velferð á Íslandi. Áætlun um forgangsröðun við niðurskurð í fjármálum ríkisins það næsta. Hér á Samfylkingin að vera í forystu, því nú reynir á jöfnuð og samfélagslegar lausnir en ekki markaðslausnir. Vinna þarf upp áætlun um hvernig draga megi úr kostnaði í heilbrigðisþjónustu án þess að árangur og öryggi þjónustunnar skerðist. Þannig má, þrátt fyrir erfiða tíma, standa vörð um það sem jafnaðarmönnum er kærast, þ.e. jafnan aðgang að öruggri og góðri heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn óháð efnahag.